

## AUGLÝSING

### um útflutningshlutfall kindakjöts 2004-2005.

#### 1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands, ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður árin 2004-2005, verði sem hér segi:

#### Dilkakjöt:

<i>Tímabil:</i>	<i>Útflutningshlutfall:</i>
1. júlí 2004 – 22. ágúst 2004	10%
23. ágúst 2004 – 29. ágúst 2004	17%
30. ágúst 2004 – 5. sept. 2004	24%
6. sept. 2004 – 12. sept. 2004	31%
13. sept. 2004 – 28. nóv. 2004	36–38%*
29. nóv. 2004 – 28. febr. 2005	24%
1. mars 2005 –	10%

\*) Hlutfall fyrir tímabilið 13. september til 28. nóvember 2004, verði nánar ákveðið innan þessara marka og auglýst fyrir 1. september nk.

#### 2. gr.

Fyrir sömu tímabil og um getur í 1. gr. er útflutningshlutfall af kjöti af fullorðnu fé ákveðið 0%.

#### 3. gr.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júlí 2004. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 619/2003 um útflutningshlutfall kindakjöts.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2004.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

\_\_\_\_\_  
*Atli Már Ingólfsson.*